

## Breytingartillaga

### við frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÓBK, BN, BHar, ÓGunn, SilG).

1. Við 2. gr.
  - a. Í stað orðanna „reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum“ í 4. tölul. komi: ársreikningum og samstæðureikningsskilum.
  - b. Í stað orðanna „*Fagleg gagnrýni*“ í 9. tölul. komi: *Fagleg tortryggni*.
  - c. Í stað orðanna „vegna þess að“ í 15. tölul. komi: vegna hættu á að.
  - d. Orðin „þegar endurskoðandi hefur of mikla samúð með viðtöku verkefna“ í 16. tölul. falli brott.
2. Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitið“ í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu, að undanskilinni 4. mgr. 49. gr., komi, í viðeigandi beygingarfalli: endurskoðendaráð.
3. Í stað orðanna „brotið kært til lögreglu“ í 1. másl. 2. mgr. 6. gr. komi: endurskoðendaráð taka brotið til viðeigandi meðferðar.
4. Við 2. másl. 1. mgr. 11. gr. bætist: samkvæmt lögum þessum.
5. Við 1. mgr. 14. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Góða endurskoðunarvenju skal túlka í samræmi við þær kröfur sem er að finna í lögum, reglum og alþjóðlegum stöðlum hverju sinni og það efni sem kennt er í íslenskum háskólum og lagt til grundvallar löggildingarprófum endurskoðenda hér á landi.
6. Í stað orðanna „staðar gögn sem endurskoðandi samstæðunnar geymir“ í 1. másl. 7. mgr. 22. gr. komi: gögn hjá endurskoðanda samstæðunnar.
7. 2. mgr. 30. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er endurskoðendaráði heimilt að láta viðkomandi lögberum yfirvöldum sem hafa eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum í té upplýsingar að því tilskildu að þau yfirvöld uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi.
8. 33. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

*Eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum.*

Endurskoðendaráð annast eftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja samkvæmt fyrirætlum laga þessara og reglugerða og reglna settra á grundvelli þeirra.
9. Við 34. gr.
  - a. Orðið „lögboðinni“ í 1. mgr. falli brott.
  - b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar þrjá einstaklinga í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna.
  - c. Fyrirsögn verði: *Eftirlitsaðili*.

10. Við 35. gr.
  - a. Í stað orðanna „Eftirlitið skal bera“ í 2. mgr. komi: Í eftirlitinu felst.
  - b. Í stað orðanna „Eftirlitið ber“ í 3. mgr. komi: Í eftirlitinu felst.
  - c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 

Ákvarðanir endurskoðendaráðs um veitingu, niðurfellingu og sviptingu löggildingar endurskoðenda og starfsleyfa endurskoðunarfyrtækja eru kæránlegar til ráðuneytisins. Aðrar ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.
11. Við 37. gr.
  - a. Orðin „kæru- og“ í 3. mgr. falli brott.
  - b. Í stað orðsins „eftirlitinu“ í 4. mgr. komi: ráðinu.
  - c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Meðferð mála hjá endurskoðendaráði.*
12. Við 38. gr.
  - a. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í 1. másl. 3. mgr. komi: endurskoðendaráðs.
  - b. 4. mgr. falli brott.
13. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í 1. másl. 5. mgr. 40. gr. komi: ráðsins.
14. Í stað orðsins „eftirlitið“ í 1. mgr. 41. gr. og orðsins „stofnunin“ í 27. tölul. 49. gr. komi: ráðið.
15. Í stað orðanna „um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum“ í 42. og 54. gr. komi: um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB.
16. 43. gr. orðist svo:
 

Endurskoðendaráð fer með eftirlit samkvæmt þessum kafla og er lögbært yfirvald í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014.
17. 44. gr. orðist svo:
 

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækki getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 veitt skattaþjónustu skv. i. og iv.-vii. lið a-liðar annarrar undirgreinar 1. mgr. og verðmatsþjónustu skv. f-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.
18. Orðin „um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum“ í 45. gr., þrívégis í 46. gr., 1. másl. 1. mgr. 47. gr. og í 28. tölul. 49. gr. falli brott.
19. Í stað orðanna „stjórn Fjármálaeftirlitsins“ í 4. mgr. 49. gr. komi: endurskoðendaráði.
20. Við 56. gr. bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
  2. *Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, með síðari breytingum:* Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:
    - a. Í stað orðanna „Lög um endurskoðendur, nr. 79/2008“ í 1. másl. kemur: Lög um endurskoðendur og endurskoðun.
    - b. Við 2. másl. bætist: og endurskoðun.
    - c. Orðin „skv. 6. gr. laga nr. 79/2008“ í 3. másl. falla brott.
  3. *Lög um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, með síðari breytingum:* 4. mgr. 70. gr. laganna fellur brott.